

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

*Deiliskipulag dælustöðvar að Hraunstekk.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 18. ágúst 2016 deiliskipulag dælustöðvar að Hraunstekk. Deiliskipulagið nær til lóðarinnar Hraunstekks sem er 8.845 m<sup>2</sup> lóð sem er stofnuð úr landi Gamla-Hrauns, landnr. 165864. Aðkoma að skipulagssvæðinu er frá Gaulverjabæjarvegi um 119 m frá vegamótum við Eyrarbakkaveg nr. 34. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir því að byggð verði dælustöð fyrir bæði hitaveitu og vatnsveitu. Við dælustöðina verður lagt plan, sem nýtt verður sem athafnasvæði vegna starfseminnar.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Selfossi, 3. júlí 2017.*

**Bárður Guðmundsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 5. júlí 2017